

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/1528****2026/EES/24/43****frá 30. júlí 2025****um leyfi til að setja á markað olíu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) sem nýfæði og um
breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Hinn 29. október 2020 lagði fyrirtækið Tigernuts traders, S.L. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um leyfi til að setja olíu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn fór fram á að olía úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) yrði notuð sem slík (til eldunar eða sem krydd) og sem innihaldsefni í nokkra matvælaflokkum fyrir almenning.
- 4) Hinn 8. nóvember 2022 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á olíu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) sem nýfæði.
- 5) Hinn 30. október 2024 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt um öryggi olíu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) sem nýfæði ⁽³⁾ í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 6) Í vísindalegu álitinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að olía úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) sé örugg fyrir almenning við tillögð notkunarskilyrði. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega álitinu til að ákvarða að olía úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef), þegar hún er notuð við tillögð notkunarskilyrði, uppfylli skilyrðin fyrir setningu hennar á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 7) Rétt þykir að færsla olíu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) sem nýfæði á skrá Sambandsins yfir nýfæði innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 8) Færa ætti olíu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1528, 31.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e9102.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyft er að setja olfu úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) á markað innan Sambandsins.

Olía úr *Cyperus esculentus* (hnetusveipsef) skal færð á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdareglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavend	
„Olía úr <i>Cyperus esculentus</i> (hnetusveipsef)	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksigliði</i>			
	Olía úr <i>Cyperus esculentus</i> (hnetusveipsef) sem slík				
	Vörur að stofni til úr pasta	30 ml/100 g			
	Brauð og smábrauð	30 ml/100 g			
	Nasl annað en kartöflulögur (kex)	30 ml/100 g			
	Salatsósar	50 ml/100 g			
	Fita eins og skilgreint er í II. viðbæti við VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽¹⁾	80 ml/100 g	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr <i>Cyperus esculentus</i> (hnetusveipsef)“.		
	Fínt kaffibrauð	30 ml/100 g			
	Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk ^(*)	60 ml/100 g			
	^(*) Þegar olía úr <i>Cyperus esculentus</i> (hnetusveipsef) er notuð í afurðir sem eru að stofni til úr mjólk má hún ekki koma, í heild eða að hluta til, í staðinn fyrir innihaldsefni mjólkur.				

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Sjítíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/1308/oj>).“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
<p>„Olía úr <i>Cyperus esculentus</i> (hnetusveipsef)</p>	<p>Lýsing: Nýfæðið fæst með gerilsneyðingu á hnýði af <i>Cyperus esculentus</i> L. (hnetusveipsef) sem er fylgt eftir með kaldpressun.</p> <p>Samsetning fitusýrna: Palmitínsýra: 12–15% Sterínsýra: 5–8% Olíusýra: 65–69% Línólsýra: 9–12%</p> <p>Eiginleikar: Sýrustig: ≤ 2% Peroxíðtala: ≤ 20 meq/kg Sápunartala: ≤ 189 mg kalíumhýdroxíð/g <i>p</i>-anisídín: < 1</p> <p>Þungmálmur: Blý: ≤ 0,1 mg/kg Kadmíum: ≤ 0,1 mg/kg</p> <p>Sveppaeitur: Aflatoxín (summa B1, B2, G1, G2): < 4 µg/kg Aflatoxín B1: < 1 µg/kg Oktratoxín A: < 3 µg/kg</p> <p>Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarföldi örvera við loftháð skilyrði: ≤ 10³ CFU/g Heildarföldi ger- og myglusveppa: ≤ 10² CFU/g Kólibakteríur: ≤ 10 CFU/g Salmonella: Greinist ekki í 25 g <i>Listeria monocytogenes</i>: Greinist ekki í 25 g Iðrabakteríur: < 10² CFU/g</p> <p>CFU: þyrpingamyndandi einingar**</p>